



NEYTENDASTOFA

Ákvörðun nr. 45/2023

Ákvörðun um sektir vegna ófullnægjandi verðmerkinga Arctic Explorer og Icemart.

I.

Málsmeðferð

Dagana 28. ágúst til 15. september 2023 framkvæmdi Neytendastofa skoðun á ástandi verðmerkinga í ýmsum verslunum á Laugavegi og aðliggjandi götum. Kom starfsmaður Neytendastofu þ.á.m. í verslanirnar Arctic Explorer á Bankastræti, Icemart á skólavörðustíg og Laugavegi 91, Icewear Woolhouse á Vesturgötu og Icewear Magasín á Austurstræti. Rekstraraðili verslananna er Drífa ehf. Í skoðununum voru verðmerkingar kannaðar með tilliti til ákvæða 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem kveður á um það að fyrirtækjum sem selja vörur eða þjónustu beri að verðmerkja vöru sína og þjónustu og sýna það á áberandi hátt á sölustaðnum, sem og ákvæða reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum. Samkvæmt reglunum ber fyrirtækjum að verðmerkja vöru með réttu söluverði þar sem hún er höfð til sýnis neytendum. Skoðanir starfsmanns Neytendastofu leiddu í ljós að verðmerkingar á útstillingum verslananna var ýmist ábótavant eða þær óverðmerktar. Verðmerkingar inni í verslununum Icewear Woolshop, Icewear Magasín, Icemart á Skólavörðustíg og Arctic Explorer voru í lagi eða viðunandi, en verðmerkingar inni í verslun Icemart á Laugavegi 91 var ábótavant. Í Icemart á Laugavegi 91 voru gerðar sérstakar athugasemdir við ástand verðmerkinga á póstkortum, Polar bear pennum, þremur stöndum af hangandi skrauti og einum með lyklakippum ásamt tveimur gínum sem staðsettar voru inni í versluninni og voru án sýnilegra verðmerkinga.

Starfsmenn verslananna kvittuðu fyrir komu starfsmanns Neytendastofu og þeim athugasemdum sem gerðar voru við ástand verðmerkinganna. Í lok skoðananna skildi starfsmaður Neytendastofu eftir bréf í verslununum þess efnis að skoðun hefði farið fram og að Neytendastofa myndi senda félaginu bréf þar sem gerð yrði nánari grein fyrir ástandi verðmerkinga.

Með bréfi Neytendastofu til félagsins, dags. 26. september 2023, greindi stofnunin félaginu frá niðurstöðum skoðananna og gerði grein fyrir þeim ákvæðum sem í gildi eru um verðmerkingar. Þá var þeim eindregnu fyrirmælum beint til félagsins að koma verðmerkingum í betra horf. Í bréfinu kom fram að könnunum stofnunarinnar yrði fylgt eftir



með nýjum könnunum og mætti félagið búast við því að tekin yrði ákvörðun um sektir, samkvæmt IX. kafla laga nr. 57/2005, yrði ekki farið að fyrirmælum stofnunarinnar um að koma verðmerkingum í rétt horf.

Svar barst stofnuninni með tölvupósti, mótt. 10. október 2023, þar sem félagið staðfesti móttöku bréfsins og áréttaði að félagið leggur sig alltaf fram við að hafa allt vel verðmerkt. Leitaði félagið ráðlegginga vegna verðmerkinga á gínum, nánar tiltekið hvort ætlast sé til þess að gínur sem staðsettar eru inni í verslununum séu verðmerktar með skilti eða öðru sambærilegu.

Neytendastofa svaraði tölvupósti félagsins þann 10. október 2023, þar sem tekið var fram að verðmerking vöru þarf að vera skýr og greinileg hvar sem varan er til sýnis og að gínur inni í verslun þurfi að hafa verðmerkingar jafnt og þær sem eru í glugga verslunarinnar. Auk þess var tekið fram að ekki væri útilokað að inni í verslun dugi að notast við miða sem eru festir við vöruna, en í þeim tilvikum þarf að tryggja að miðinn með verði sé ávallt vel sýnilegur fyrir þann aðila sem standi fyrir framan gínuna.

Þann 18. október 2023, var ástand verðmerkinga aftur skoðað í verslununum. Enn voru gerðar athugasemdir við verðmerkingar á útstillingum verslana Artic Explorer á Bankastræti, Ice Mart Skólavörðustíg og Icemart á Laugavegi 91. Í verslun Arctic Explorer voru gerðar sérstakar athugasemdir við útstillingar verslunarinnar þar sem gínur, skór og húfur voru óverðmerktar. Í verslunum Icemart voru gerðar sérstakar athugasemdir við að vörur í útstillingum voru ýmist óverðmerktar eða verðmerking ekki sýnileg frá götu.

Engar athugasemdir voru gerðar í síðari skoðun Neytendastofu í verslunum Icewear Magasín og Icewear Woolhouse.

Með bréfi Neytendastofu til Drífu hf., dags. 10. nóvember 2023, var félaginu tilkynnt um framangreindar athugasemdir og gefinn tveggja vikna frestur til að koma að skýringum eða athugasemdum í málinu áður en tekin yrði ákvörðun um sektir á grundvelli IX. kafla laga nr. 57/2005.

Svar barst stofnuninni með tölvupósti, mótt. 17. nóvember 2023, þar sem félagið tók fram að það leggi mikla áherslu á að vörur séu vel merktar og hafi því verið brugðist samdægurs við þegar félaginu barst fyrsta bréfið frá Neytendastofu. Í tölvupóstinum kemur einnig fram að líklegasta skýringin við athugasemdum stofnunarinnar sé sú að það er skipt mjög ört á útstillingum í gluggum verslunarinnar og tæki það því stundum tíma að taka saman lista, prenta hann út og koma á sinn stað í versluninni.

Staðfesti stofnunin móttöku og tjáði félaginu að höfð yrði hliðsjón af umræddum gögnum við töku stjórnvaldsákvörðunar í málinu.



II. Niðurstaða

Í máli þessu hefur Drífa ehf. ekki sinnt fyrirmælum Neytendastofu um að koma verðmerkingum í verslununum Artic Explorer á Bankastræti og Icemart á Skólavörðustíg og Laugavegi 91 í viðunandi horf innan tilskilins frests.

Ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, er svohljóðandi:

„Fyrirtæki, sem selur vörur eða þjónustu til neytenda, skal merkja vöru sína og þjónustu með verði eða sýna það á svo áberandi hátt á sölustaðnum að auðvelt sé fyrir neytendur að sjá það. Neytendastofa getur sett nánari ákvæði um verðmerkingar með opinberri tilkynningu.“

Samkvæmt ákvæðinu ber söluaðilum ávallt að gefa upp verð á vörum og þjónustu. Á grundvelli heimildar ákvæðisins, sem og ákvæðis 18. gr. sömu laga, sem snýr að heimild Neytendastofu til að gefa fyrirtækjum sérstök fyrirmæli um að gera ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, hefur Neytendastofa sett reglur nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vörum.

Um verðmerkingar á vörum segir í 1. og 2. mgr. 3. gr. verðmerkingareglanna:

„Fyrirtæki skal skýrt og greinilega merkja vöru sína með réttu söluverði og einingarverði í íslenskum krónum.“

Þrátt fyrir ákvæði 1. mgr. er þó heimilt að veita sömu upplýsingar nálægt vöru enda sé augljóst til hvaða vöru verðmerkingin vísar og tryggt sé að neytendur fái án vandkvæða aðgang að upplýsingum um sölu- og einingarverð sem skylt er að veita samkvæmt reglum þessum, sbr. 4. gr.“

Samkvæmt ákvæðunum ber verslununum að verðmerkja allar söluvörur sínar með réttu söluverði. Á fyrirtækjum hvílir afdráttarlaus skylda til að hafa söluvörur ávallt verðmerktar. Í máli þessu voru niðurstöður síðari skoðana í verslununum þær að verðmerkingum var ábótavant í útstillingum í verslunum félagsins á Bankastræti, Skólavörðustíg og Laugavegi 91. Eftir fyrri skoðanir var félaginu gerð grein fyrir ástandi verðmerkinga í verslununum og viðeigandi reglum sem gilda um verðmerkingar og beindi Neytendastofa þeim fyrirmælum til félagsins að koma verðmerkingum í viðunandi horf. Í skýringum félagsins kom fram að skortur á verðmerkingum sé líklegast vegna þess að það er skipt ört á útstillingum í gluggum og tæki það því stundum örlítinn tíma að taka saman lista, útbúa, prenta út og koma honum á sinn stað. Þrátt fyrir að játa verður verslunum ákveðið, takmarkað svigrúm til að bæta úr



verðmerkingum þegar skipt er um útstillingar verður þó ekki fram hjá því litið að sambærilegar athugasemdir voru gerðar í fyrri skoðunum. Neytendastofa telur Drífu ehf. ekki hafa gert viðeigandi úrbætur á verðmerkingum sínum innan tilskilins frests og telur því stofnunin nauðsynlegt að beita þeim úrræðum sem lög nr. 57/2005 heimila.

Ákvæði 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005 segir:

„Neytendastofa getur lagt stjórnvaldssektir á fyrirtæki sem brjóta gegn:

[...]

b. stjórnvaldsreglum og ákvörðun Neytendastofu gegn viðskiptaháttum sem brjóta í bága við ákvæði II.-VIII. kafla [...]

c. reglum og fyrirmælum Neytendastofu um ráðstafanir til að auðvelda viðskiptavinum að meta verð og gæði, sbr. 18. gr.“

Með vísan til alls framangreinds, sem og að teknu tilliti til meðalhófsreglu og jafnræðisreglu stjórnvísulaga, og með hliðsjón af sektarákvörðunum í sambærilegum málum þykir Neytendastofu hæfilegt að leggja á Drífu ehf. stjórnvaldssekt að fjárhæð 150.000 kr. (hundrað og fimmtíu þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.

III.

Ákvörðunarorð:

„Drífa ehf., Miðhrauni 4, 210 Garðabæ, hefur brotið gegn ákvæði 17. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, sem og ákvæði 3. gr. reglna nr. 536/2011, um verðmerkingar og einingarverð við sölu á vöru, með óviðunandi verðmerkingum í verslunum sínum Icemart á Skólavörðustíg og Laugavegi 91 ásamt Arctic Explorer á Bankastræti.

Með heimild í b. og c. lið 1. mgr. 22. gr. laga nr. 57/2005, um eftirlit með viðskiptaháttum og markaðssetningu, leggur Neytendastofa stjórnvaldssekt á Drífu ehf. að fjárhæð kr. 150.000 (hundrað og fimmtíu þúsund krónur). Sektina skal greiða í ríkissjóð eigi síðar en þremur mánuðum frá dagsetningu ákvörðunar þessarar.“

Neytendastofa, 18. desember 2023

Pórunn Anna Árnadóttir
forstjóri

Matthildur Sveinsdóttir